



Í Langholtsskóla hefur verið unnið eftir áætlunin Olweusar gegn einelti frá 2005. Áætlunin byggir á áralöngum viðamiklum rannsóknum á einelti í Svíþjóð og Noregi. Á bak við hana stendur hópur sérfræðinga undir stjórn Dan Olweus sálfræðings og prófessors við háskólann í Bergen. Áætlunin hefur verið prófuð við marga skóla, m.a. í Bandaríkjunum þar sem hún var valin ein af tíu bestu úr hópi 400 áætlana. Á Íslandi hafa nú þegar á milli 80 og 90 skólar innleitt áætlunina og hefur einelti í þeim skólum dregist saman um 30% að meðaltali. Margir leikskólar vinna nú einnig eftir áætluninni, framhaldsskólar eru óðum að innleiða kerfið og mörg fyrirtæki hafa verið með námskeið fyrir starfsmenn sína þar sem Olweusarfræði eru kennd með það að markmiði að bæta samskipti og vellíðan á vinnustöðum.

Nú á haustönn 2010 ætlum við í Langholtsskóla að setja forvarnarstarf gegn einelti í forgang, meðal annars með því að fara aftur saman í gegnum Olweusarfræðin á skipulagðan hátt.

Olweusarkerfið gegn einelti er þríþætt:

1. Aðgerðir í öllum skólanum

Allir starfsmenn skólans, bæði kennarar, stuðningsfulltrúar, skólaliðar og aðrir hafa fengið **fræðslu** um einelti og virkar aðferðir til að vinna gegn því. **Eftirlitskerfið** aukið og bætt, sem þýðir m.a. að **meiri og virkari gæsla** er í frímínútum bæði úti og inni.

2. Aðgerðir í hverjum bekk

Nemendur eru líka fræddir um einelti með ýmsu móti. **Skilgreiningar á einelti** eru rifjaðar um með nemendum á hverju hausti og þegar þurfa þykir, það eru settar **bekkjarreglur** gegn einelti sem eru sýnilegar um allan skólann, **bekkjarfundir** eru haldnir reglulega þar sem ýmiss mál eru rædd sem koma upp í bekknum/hópnum, við notum **myndbönd, hlutverkaleiki, eineltishringinn, tengslakannanir** og höfum **vinaviku** vor og haust svo nokkuð sé nefnt.

3. Aðgerðir í gagnvart einstaklingum

Ef einelti kemur upp eru tekin **alvarleg viðtöl** við gerendur og foreldra þeirra. Málinu er fylgt eftir og gerandi látinn vita að fylgst er náið með gjörðum hans. Sjá nánar hér fyrir neðan.

Auk þess er **eineltiskönnun Olweusar** að jafnaði lögð fyrir árlega.

Skilgreining á einelti

Einelti er **ofbeldi, líkamlegt og/eða andlegt**, þar sem einn eða fleiri níðast á einstaklingi sem á **erfitt með að verja sig**. Einelti er **endurtekið atferli** og á sér stað reglubundið um lengri eða skemmri tíma. Einelti birtist í mörgum myndum. Það getur verið: **beint** t.d. líkamlegt og/eða munnlegt svo sem barsmíðar, spörk, hrindingar og skemmdarverk ýmiss konar. Eða uppnefni, niðrandi athugasemdir, hæðnisleg svipbrigði o.s.frv. Það getur líka verið **óbeint**, útskúfun eða útilokun úr félagahópi, baktal niðrandi athugasemdir og hótanir á interneti og/eða í GSM sínum. Það síðast nefnda kallast **rafrænt einelti**. Það sem gerir rafrænt einelti sérstaklega hættulegt er það að gerandinn getur stundað eineltið án þess að þurfa að vera í beinu sambandi við fórnarlambið. Gerandinn þarf ekki að vera sterkur eða snöggur líkt og í hefðbundnu einelti heldur einungis að hafa aðgang að GSM síma, tölvu og hafa vilja til að kvelja fórnarlambið. Gagnlegar vefslóðir um ýmsa þætti eineltis eru m.a. finna á eftirfarandi heimasíðum: saft.is (m.a. myndbönd), olweus.is, heimilhogskoli.is, youtube.com (slá inn einelti), facebook.com (slá inn einelti).

Eineltisteymi – hlutverk

Í Langholtsskóla er starfandi ráðgefandi eineltisteymi sem er kennurum til stuðnings við úrlausn eineltismála. **Hlutverk teymisins** er að vera faglegur ráðgjafi kennara í eineltismálum. Einnig eru fulltrúar teymisins kennurum til fulltingis í alvarlegum eineltisviðtölum, ef óskað er eftir því. Unnið er samkvæmt kerfi Olweusar og hans aðferðafræði beitt í viðtölum við gerendur, þolendur og foreldra. Teymið miðlar sérfræðipækkingu og heldur saman upplýsingum. Teymið á ennfremur að vera hvetjandi í því að viðhalda Olweuasarkerfinu í skólanum t.d. með upplýsingamiðlun og fræðslu til starfsmanna. Teymið getur vísað málum til nemendaverndarráðs ef það telur þess þörf.

Eineltisteymi – fulltrúar

Erna Björk Hjaltadóttir, deildarstjóri sérkennslu
Ingvi Sveinsson, umsjónarkennari
Harpa Stefánsdóttir, umsjónarkennari
Halldóra Björk Sigurðardóttir, umsjónarkennari
Lóa Gunnarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, (Ólafía Þórdís)

Forvarnir gegn einelti - samvinna heimilis og skóla

Mikilvægt er að gott samstarf sé á milli heimilis og skóla til að stuðla að forvörnum gegn einelti og viðbrögðum við einelti ef það kemur upp. Nemendur og foreldrar eru hvattir til að láta umsjónarkennara strax vita, ef grunur vaknar um einelti. Umsjónarkennara ber að rannsaka málið strax í samvinnu við eineltisteymi.

Foreldrabæklingur

Í tengslum við Olweusarverkefnið er gefin út **handbók fyrir foreldra** þar sem er að finna upplýsingar um einelti, birtingarform þess og hvernig bregðast skuli við því. Bæklingurinn er afhentur foreldrum á haustfundum og **liggur frammi á skrifstofu skólans**.

Meðferð eineltismála

- Þegar vitneskja berst um að nemendur séu lagðir í einelti í skólanum fer ákveðið ferli af stað. Þessi vitneskja getur komið frá starfsfólki skólans, nemendum eða foreldrum:
- Umsjónarkennara eða umsjónarkennurum er gerð grein fyrir málinu.
- Umsjónarkennari athugar málið. Hann skal leita eftir upplýsingum sem víðast svo sem hjá starfsfólki, foreldrum og nemendum.
- Ef umsjónarkennari, eftir slíka athugun og í samráði við t.d. eineltisteymi, metur það svo, að um einelti sé að ræða skal foreldrum þeirra nemenda sem hlut eiga að máli gerð grein fyrir því. Gildir það jafnt um gerendur og þolendur.
- Innan skólans fer síðan af stað markviss vinna skv. aðferðafræði Olweusar. Hún felst m.a. í alvarlegum viðtölum við gerendur þar sem þeim er gerð skýr grein fyrir viðbrögðum skólans og þeim afleiðingum sem áframhaldandi háttarlag mun hafa. Þolendum skal tryggt öryggi eftir því sem kostur er og í samvinnu við foreldra þeirra skapað öryggisnet sem hindrar áframhaldandi ofbeldi.

Einelti upprætt

Viðbrögð við einelti af hvaða toga sem er, misalvarlegu eftir atvikum, ættu alltaf:

- Að vera skýr, einlæg og nákvæm, laus við niðurlægingu, kaldhæðni, árásir, hótanir eða þvinganir.
- Að birtast tafarlaust og vera fylgt eftir til lengri tíma.
- Að fela í sér skráningu á atburðum, þátttakendum og viðbrögðum.
- Að fela í sér samvinnu við foreldra strax á fyrstu stigum íhlutunar.
- Að veita nemendum tækifæri til að ræða sín á milli mögulegar lausnir og efla vitund þeirra um ábyrgð sína.

Ætíð er unnið samkvæmt Olweuskerfinu við meðferð eineltismála.

